

Ed.

259. Frumvarp til laga

um breyting á 85. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febr. 1940.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. gr.

Við 85. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 bætist ný (3.) málsg. svólátandi:

Þegar sérstaklega stendur á, má veita uppreist æru, þó að refsitími sé svo langur sem í 2. málsg. segir, enda þótt ekki sé liðinn lengri tími en til er skilinn í 1. málsg.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Svo getur staðið á, að tvímælis orki í álit almennings, hvort svipta beri mann réttindum samkvæmt 68. gr. alm. hegningarlaga óafturkallanlega 5 ár samkvæmt 2. málsg. 85, gr. sömu laga, enda þótt hann hafi hegðað sér óaðfínanlega eftir afpláun refsingar full 2 ár, eins og til er skilið til uppreistar æru í 1. málsg. 85. gr. Virðist því rétt, að veitt sé heimild til þess að veita uppreist æru eftir skemmi tíma en 5 ár samkvæmt 2. málsg. sömu greinar. Mundi þetta einkum koma til greina um sum svonefnd pólitísk brot og brot gegn valdstjórn, sem almenningur virðist líta talsvert öðruvísi á en t. d. auðgunarbrot, peningafals, skjalafals, brot gegn lífi manna og líkama o. s. frv. En auðvitað verður að meta ástæður hverju sinni og beita heimildinni með allri varúð.

Frv. er samið af dómismálaráðherra og flutt nú í samráði við hann.